



Manntéttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð
Ráðhúsi Reykjavíkur

Beiðni á skilum lokaskýrslu starfshóps um kynja- og hinseginfræðslu í skóla- og frístundastarfi

Í kjölfar sameiginlegs fundar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs og skóla- og frístundaráðs 25.06 2020 var settur saman starfshópur sem fékk það hlutverk að rýna í stöðu kynja- og hinseginfræðslu í skóla- og frístundastarfi. Helstu verkefni hópsins voru eftirfarandi:


- Kortleggja kennsluefni, þekkingu starfsfólks og þarfir er varðar kynja- og hinseginfræði í leik-, grunnskóla og frístundastarfi
- Leggja mat á núverandi stöðu kynja- og hinseginfræðslu í leik-, grunnskóla og frístundastarfi
- Rýna í námsefni og fræðslu á sviði kynja- og hinseginfræðslu sem stendur starfsfólki til boða og nýtingu á því
- Varpa ljósi á árangursríkar leiðir og verkefni sem unnin hafa verið á sviði kynja- og hinseginfræðslu
- Leggja fram tillögur til að efla þekkingu starfsfólks á kynja- og hinseginfræðum
- Leggja fram tillögur til að auka kynja- og hinseginfræðslu til barna og unglunga

Starf hópsins hefur tafist nokkuð á skólaárinu og eru ástæður fyrir því eftirfarandi:

- 2. og 3. bylgja Covid-19 hafði mikil áhrif á starf hópsins og tækifæri til að funda. Mikið álag var á starfsstöðum SFS á þessu tímabili.
- Starfshópurinn sótti um styrk í Nýsköpunarsjóð námsmanna til að fá námsmann til að safna saman og greina það námsefni sem til er í kynja- og hinseginfræðum fyrir börn á grunnskólaaldri. Um sumarstarf er að ræða og hefur viðkomandi tíma til loka ágúst til að skila sínum niðurstöðum. Niðurstöður námsmanns skipta miklu máli fyrir starf hópsins og mikilvægt er að hafa þær með í lokaskýrslu.
- Starfshópurinn sendir út könnun til starfsmanna í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi borgarinnar varðandi kynja- og hinseginfræðslu í mars 2021. Svörun hefur verið lítil og er enn verið að senda ítrekanir til að fá betri svörun.
- Til stóð að halda rýnihópafund með unglingum en það hefur ekki verið mögulegt að blanda saman nemendum úr ólíkum áttum vegna samkomutakmarkanna vegna Covid-19.

Starfshópurinn á að skila skýrslu í lok maí en óskar eftir því að fá frest til 30. september til að skila lokaskýrslu.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs